

REGLUGERÐ

um meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga.

1. gr.

Undir yfirstjórn barnaverndarstofu skal starfrækja meðferðarstöð fyrir unglinga, sem eiga við hegðunarerfiðleika að stríða, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum. Stöðin þjónar fyrst og fremst unglingum á aldrinum 12-16 ára en heimilt er að víkja frá þeim aldursmörkum í sérstökum tilvikum.

2. gr.

Meðferðarstöðin skal veita eftirfarandi þjónustu:

Skammtíamvistun í neyðar- og bráðatilvikum. Með því er átt við vistun vegna óupplýstra afbrota eða stjórnsýslis sökum ölvunar eða annarrar vímuefnaneyslu og aðra bráðnauðsynlega vistun á meðan úrræði í máli unglings eru undirbúin á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna. Hámarksvistunartími skal vera 14 dagar.

Sérhæfða meðferð, þ.m.t. vímuefnameðferð, með vistun í allt að fjóra mánuði. Gert er ráð fyrir að samhliða meðferðarstarfi fari fram greining á vanda unglingsins og að jafnframt sé gerð áætlun um frekari ráðstafanir í samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd og forsjáraðila.

Eftirmeðferð að aflokinni vistun. Sérstaka áherslu skal leggja á vinnu með fjölskyldum unglinganna, þannig að hjálparúrræði í nánasta umhverfi unglingsins séu virkjuð sem mest.

Í meðferðarstöðinni skal vera sérstök aðstaða vegna vistunar og meðferðar unglinga sem eru vistaðir gegn eigin vilja.

3. gr.

Meðferðarstöðin hefur aðsetur á höfðuborgarsvæðinu, en þjónar öllu landinu.

Óheimilt er að vista ungling nema samkvæmt ósk barnaverndarnefndar þar sem hann er dvalfastur, sbr. 8. gr. laga um vernd barna og ungmenna og með samþykki forsjáraðila, ef við á. Þó getur lögregla vistað ungling skv. a-lið 2. gr., enda geri hún jafnframt án undandráttar ráðstafanir til að afla samþykkis þessara aðila fyrir vistun. Meðferðarstöðin skal tilkynna barnaverndarstofu um allar vistanir skv. a-lið 2. gr. Barnaverndarnefndir skulu senda umsóknir um vistun skv. b-lið 2. gr. til barnaverndarstofu sem tekur ákvörðun um vistun.

Vistun lýkur þegar hámarksvistunartími er náð, eða fyrr ef forstöðumaður Meðferðarstöðvarinnar eða barnaverndarnefnd telja að vistunar sé ekki lengur þörf.

Meðferðarstöðin skal að lokinni vistun senda hlutaðeigandi barnaverndarnefnd svo og barnaverndarstofu skýrslu um dvöl unglingsins og hagi hans, ásamt tillögum um áframhaldandi aðstoð og meðferð ef þörf er á því.

4. gr.

Félagsmálaráðherra ræður forstöðumann meðferðarstöðvarinnar að fenginni tillögu barnaverndarstofu. Forstöðumaður fer með faglega og fjárhagslega stjórn stöðvarinnar. Hann ákveður, með samþykki barnaverndarstofu, deildaskiptingu innan stöðvarinnar.

Forstöðumaður skal annað hvort vera sálfræðingur eða hafa lokið háskólaprófi í félagsráðgjöf, uppeldisfræði eða hliðstæðu námi með viðbótarmenntun og reynslu af meðferðarstarfi. Hann skal enn fremur að jafnaði hafa reynslu og/eða menntun í stjórnunarstörfum.

5. gr.

Forstöðumaður ræður deildarstjóra meðferðarstöðvarinnar í samráði við barnaverndarstofu og með samþykki félagsmálaráðuneytisins. Þeir skulu hafa sérmenntun í uppeldisfræði, sálarfræði, félagsráðgjöf eða aðra sambærilega menntun. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með faglegu starfi innan sinnar deildar. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk, þ.m.t. sálfræðinga, félagsráðgjafa og aðra sérfræðinga.

6. gr.

Unglingar, sem vistaðir eru á meðferðarstöðinni, skulu eiga aðgang að skóla sem fyrst og fremst er ætlað að annast kennslu þeirra sem dvelja á stöðinni. Barnaverndarstofa setur vinnureglur um tengsl stöðvarinnar og þess skóla sem þjónar henni. Vinnureglur þessar skulu settar að höfðu samráði við menntamálaráðuneytið og skulu endurskoðaðar reglulega.

7. gr.

Meðferðarstöðin skal í störfum sínum hafa náið samstarf við barnaverndarstofu og barnaverndarnefndir sveitarfélaga og samráð við úrlausn mála svo sem frekast er kostur.

8. gr.

Rekstrarkostnaður meðferðarstöðvarinnar greiðist úr ríkssjóði.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, öðlast gildi hinn 1. júní 1995. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um móttöku- og meðferðarstöð ríkisins fyrir unglinga, nr. 553/1994.

Félagsmálaráðuneytið, 10. apríl 1995.

Rannveig Guðmundsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.